



Skólaráðsfundur

Dagsetning: 7. mars 2022

Fundarmenn sem voru mættir: Kristinn Guðlaussón skólastjóri, Bryndís K. Sigurðardóttir fulltrúi kennara, Grétar Birgisson fulltrúi kennara, Inga Oddsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Óskar Auðunn Finnsson fulltrúar foreldra, Dröfn Pétursdóttir og Rinalds Kluga fulltrúar nemenda. Guðvarður Ólafsson fulltrúi foreldra og Magnús Gunnarsson fulltrúi grendarsamfélagsins voru fjarverandi.

1. Skóladagatal Hvaleyrarskóla 2022-2023
 - a. Lagður fram grunnur að [skóladagatali næsta árs](#). Á næstu vikum fer fram vinna að skóladagatali innan starfsmannahópsins.
 - b. Samþykkt skóladagatals veður í lok mars.
2. Samræmd könnunarpróf 2022

Mennta- og barnamálaráðherra hefur ákveðið að samræmd könnunarpróf verði ekki á þessu skólaári. Vinna er komin í gang að nýju námsmatskerfi.
3. Samráði vegna nýs námsmatskerfis, Matsferill
 - a. Fulltrúi foreldra í samráðshópnum frá Hvaleyrarskóla verður Inga Sigrún Kristinsdóttir.
4. Framkvæmdir
 - a. Innanhúss. Nú í upphafi skólaárs hafa verið sett upp kerfisloft á þremur stöðum í skólanum (félagsmiðstöð og í tveimur kennslustofum). Stefnt er að setja upp kerfisloft í tveimur kennslustofum til viðbótar nú á næstu vikum. Stefnan er líka að endurnýja eitthvað af gólfdukkum og mála 2-3 kennslustofur og einn gang.
 - b. Utanhúss. Skipta á um elsta hluta girðingar við Suðurbraut. Setja á upp hjólaskýli fyrir framan skólann. Nemendur lögðu til að bætt yrði við hjólastæðum fyrir unglinga skólans. Hjólastæðum yrði komið fyrir við enda skólans. Skólaráð tók undir þessa tillögu. Skólastjóra falið að ræða þetta við húsumsjónarmann. Óskar Finnur ræddi um grindur fyrir hlaupahjól og að foreldrafélagið væri tilbúið að koma með fjármagn til að koma upp slíkum hjólagrindum.
5. Skóladagatal 2021-2022
 - a. Farið var yfir hugsanlegar óskir um breytingar á skóladagatali nú á vorönn. Nánari útfærsla verður lögð fram á næsta fundi skólaráðs. Skólaráð tók jákvætt undir þær hugmyndir sem ræddar voru.
6. Önnur mál:
 - a) Nemendur bentu á að engar ruslatunnur væru á skólalóðinni. Skólaráð bendir þeim tilmælum til skólastjórnenda og framkvæmdasviðs bæjarins að koma upp ruslatunnum á og við skólalóðina.
 - b) Sleppistæði við skólann. Nemendur bentu á að foreldrar eru oft að hleypa börnum úr bílum við gangbraut við skólann á leiðinni niður á Ásvelli. Bent var á að þetta getur skapað slyshættu, sérstaklega yfir vetrartímann.

Næsti fundur: í lok mars 2022.

Fundi slitið kl. 15:35

Samantekt skráði: Kristinn skólastjóri.